



FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS

Miðvikudaginn 29. mars 2017 kl: 11:15 var aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi.

Mætt voru:

Fulltrúar aðildarsveitarfélaga frá:

Dalabyggð
Hvalfjarðarsveit
Snæfellsbæ
Stykkishólmi
Skorradalshreppi
Akranesi
Grundarfirði
Eyja- og Miklaholtshreppi
Borgarbyggð
Starfsmenn SSV

Stjórnarmenn:

Ingibjörg Valdimarsdóttir formaður
Eyþór Garðarsson varaformaður

Starfsmenn HeV: Helgi Helgason framkvæmdastjóri og Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Ingibjörg Valdimarsdóttir formaður Heilbrigðisnefndar setti fundinn og bauð fundargesti velkomna og gerði hún að tillögu sinni að Hrefna B. Jónsdóttir yrði fundarstjóri sem var samþykkt.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar Heilbrigðisnefndar Vesturlands 2016

Ingibjörg Valdimarsdóttir formaður fór yfir skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2016.

2. Skýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2016.

Helgi Helgason framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði í starfi heilbrigðiseftirlitsins á síðasta ári og ræddi ýmis mál sem brenna á eftirlitinu í daglegu starfi.

Í máli hans kom m.a fram að svör við erindum berist mjög seint frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og er svaratími oft margir mánuðir og jafnvel ár. Þetta á einnig við um afgreiðslur á samþykktum frá sveitarfélögum t.d vegna gæludýra og fl. Einnig ræddi hann þá miklu fjölgun gististaða sem hefur orðið á Vesturlandi síðustu misseri og misheppnaða nýja löggjöf vegna gististaða.

Skýrslan framlögð og verður send rafrænt til sveitarstjórna.

3. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2016.

Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikninginn 2016. Ársreikningurinn var lagður fyrir heilbrigðisnefnd og samþykktur þar og undirritaður á stjórnarfundi 27. mars s.l.

Ársreikningur verður sendur rafrænt til sveitarstjórna.

Ársreikningur samþykktur samhljóða.

4. Umræður um skýrslu stjórnar, skýrslu Heilbrigðiseftirlits og ársreikning 2016.

Engar spurningar eða athugasemdir komu fram á fundinum vegna starfs HeV á síðasta ári.

5. Önnur mál.

a. Kosning í stjórn – breytingar.

Ólafur Adolfsson, Akranesi, var kjörinn varamaður í stjórn í stað

Önnu Maríu Þráinsdóttur, Akranesi.

Hann verður varamaður Brynju Þorbjörnsdóttur úr Hvalfjarðarsveit.

Samþykkt.

b. Umboð Heilbrigðisnefndar Vesturlands til 2018.

Fundurinn samþykkti að núverandi Heilbrigðisnefnd Vesturland, sem kosin var árið 2014, hafi umboð til að starfa fram yfir sveitastjórnakosningar 2018 og þar til kosin hefur verið ný nefnd eftir þær.

Fundi slitið kl 12:00.